- Hvis Norvir er brukt for å hjelpe effekten av visse andre midler mot HIV er den vanlige dosen for voksne 1 til 2 kapsler en eller to ganger daglig. For ytterligere informasjon om dosering se pakningsvedlegget for de midlene mot HIV som Norvir tas sammen med, dette gjelder også dosering for barn.
- Hvis legen din har foreskrevet maksimal dose kan startdose for voksne være 3 kapsler om morgenen og 3 kapsler 12 timer senere. Dosen økes så gradvis i løpet av 14 dager, inntil du skal ta 6 kapsler 2 ganger daglig (maksimal dose). Barn (2- 12 år) starter med lavere doser enn nevnt over, og dosen økes opp til maksimaldose i forhold til deres størrelse.

Legen din vil veilede deg om hvilken dosering som er den riktige for deg.

Som for alle legemidler mot HIV-infeksjon, skal Norvir tas hver dag for å holde din HIV-infeksjon under kontroll, selv om du skulle føle deg mye bedre. Hvis en bivirkning hindrer deg i å ta Norvir som anbefalt, så gi straks beskjed til legen. I perioder med diaré vil din lege avgjøre om ekstra kontroller er nødvendig.

Sørg alltid for å ha tilstrekkelig Norvir på lager, så du ikke risikerer å gå tom. Når du er på reise eller er innlagt på sykehus, må du sørge for å ha tilstrekkelig Norvir, inntil du kan få en ny forsyning.

Selv om du føler deg bedre ikke slutt med Norvir uten å ha snakket med din lege. Å ta Norvir slik legen har foreskrevet det bør gi deg den beste sjansen for å utsette resistens mot legemidlene.

**Dersom du tar for mye Norvir:**

Nummenhet, prikking eller en følelse av "prikking og stikking" kan oppstå dersom du tar for mye Norvir. Hvis du oppdager at du har tatt mer Norvir enn du skulle, så kontakt straks din lege. Hvis du ikke kan komme i kontakt med legen, så kontakt legevakten.

**Dersom du har glemt å ta Norvir:**

Hvis du har glemt å ta en dose, så ta den så snart du oppdager det. Hvis det er nær til neste dose så ta den isteden. Du må ikke ta en dobbel dose som erstatning for en glemt dose.

## 4. MULIGE BIVIRKNINGER

Som alle legemidler kan Norvir ha bivirkninger, men ikke alle får det. Når Norvir brukes sammen med andre antiretrovirale midler, vil bivirkningene av Norvir også være avhengig av disse legemidlene. Derfor er det veldig viktig at du leser bivirkningsavsnittet i pakningsvedlegget til disse legemidlene nøye.

**Svært vanlige bivirkninger** (påvirker mer enn 1 bruker blant 10):

- magesmerter
- oppkast
- diarè
- uvel (kvalme)
- hodepine
- følelse av prikking eller nummenhet i hendene, føttene eller rundt leppene og munnen
- føle seg svak eller trøtt
- dårlig smak i munnen

**Vanlige bivirkninger** (påvirker 1 til 10 brukere blant 100):

- allergiske reaksjoner inkludert hudutslett (kanskje rød, oppsvulmet, kløende), alvorlig hevelse i huden eller andre vev
- pustebesvær
- rødme (vasodilatasjon)
- endringer i fetfordeling (se **Bivirkninger assosiert med kombinasjonsbehandling med antiretrovirale midler** under)
- svimmelhet
- innsovningsvansker (insomnia)
- uro
- søvnløshet
- nummenhet
- uvanlig følsom hud
- halsbrann
- sår hals
- økt hoste
- luft i magen
- appetittløshet
- munntørrhet
- raping
- munnsår
- svetting
- muskelverk
- feber
- smerte
- vektreduksjon
- resultater fra laboratorieundersøkelser: endringer i resultater fra blodundersøkelse (som kjemikalier i blod og blodlegemer)

**Uvanlige bivirkninger** (påvirker 1 til 10 brukere blant 1000):

- dehydrering (tørste)
- diabetes
- gulsott (gulfarging av hud og det hvite i øye)
- muskelsmerter, ømhet eller svakhet
- hepatitt (betennesle i lever)
- resultater fra laboratorieundersøkelser: endringer i resultater fra blodundersøkelse (som kjemikalier i blod og blodlegemer)

**Sjeldne bivirkninger** (påvirker 1 til 10 brukere blant 10.000):

- alvorlig og livstruende hudreaksjoner inklusive blemmer (Steven Johnsonssyndrom)
- alvorlig allergisk reaksjon (anafylakse)
- høye blodsukkerverdier

Andre bivirkninger som har vært rapportert sammen med Norvir: lave nivåer av blodlegemer, nyresvikt, anfall, besvime og følelse av svimmelhet når man reiser seg, unormale tunge perioder. Det er ikke visst hvor hyppig skjer disse bivirkningene.

Snakk med legen din hvis du føler deg syk (kvalm), eller kaster opp eller har magesmerter for disse kan være symptomer på betennelse i bukspyttkjertelen. Snakk også med legen din hvis du opplever leddstivhet, verk og smerter (spesielt i hofte, kne og skulder) og vanskelighet med å gå. Disse kan være symptomer på osteonekrose. Se også avsnitt 2 Hva du må ta hensyn til før du bruker Norvir.

**Bivirkninger assosiert med kombinasjonsbehandling med antiretrovirale midler** kan forårsake endringer i kroppsfasongen på grunn av endringer i fettfordelingen. Dette kan innebære tap av fett fra bein, armer og ansikt, mer fett i mageregionen og andre indre organer, brystforstørrelse og fettfolder i nakken (tyrenakke). Årsaken til og langtidseffektene av disse tilstandene er foreløpig ikke klarlagt.

Kombinasjonsbehandling med flere antiretrovirale legemidler kan også forårsake økt melkesyre og sukker i blodet, økt fettinnhold i blodet og insulinresistens (insulin vil ikke virke effektivt).

Hos mennesker med hemofili A og B er det meldt tilfeller av økt blødningstendens under behandling med proteasehemmere. Skulle dette skje for deg, må du øyeblikkelig kontakte din lege.

Tilfeller av sukkersyke eller økt blodsukker er sett hos pasienter som får Norvir eller andre proteasehemmere.

Unormale leverfunksjoner, hepatitt (betennelse i lever) og i sjeldne tilfeller gulsott har blitt rapportert hos pasienter som tar Norvir. Noen personer hadde andre sykdommer eller tok andre medisiner. Personer som allerede har en leversykdom eller hepatitt kan oppleve en forverring av tilstanden.

Det er rapportert smerter eller ømhet i musklene, samt muskelsvekkelse, især ved samtidig bruk av kolesterolsenkende medikamenter og antiretroviral kombinasjonsbehandling med proteasehemmere og nukleosidanaloger. Muskellidelsene har i sjeldne tilfeller vært alvorlige (rhabdomyolyse). Ved tilfeller av uforklarlig eller vedvarende smerter eller ømhet i musklene, muskelsvekkelse eller kramper slutt med legemidlet og kontakt din lege så snart som mulig eller kontakt Legevakten.

Informer legen din så snart som mulig hvis du opplever symptomer på allergisk reaksjon slik som utslett, elveblest eller pusteproblemer etter å ha brukt Norvir.

**Kontakt lege, apotek, Legevakten eller sykehus dersom noen av bivirkningene blir plagsomme, eller du merker bivirkninger som ikke er nevnt i dette pakningsvedlegget.**

## 5. HVORDAN DU OPPBEVARER NORVIR

Oppbevares utilgjengelig for barn.

Bruk ikke Norvir kapsler etter utløpsdatoen på etiketten. Bruk ikke Norvir kapsler som har vært oppbevart mer enn 30 dager i romtemperatur. Utløpsdatoen henviser til den siste dagen i den måneden.

Norvir myke kapsler skal oppbevares i kjøleskap (2 - 8 ºC) inntil utlevering til pasient. Det er ikke nødvendig å oppbevare kapslene i kjøleskap, dersom de anvendes innen 30 dager og oppbevares under 25 ºC. Unngå frost og sterk varme (unngå oppbevaring i fryser, bil i meget kaldt vær eller meget varmt vær og direkte solskinn).

Oppbevar Norvir myke kapsler i originalemballasjen. Tøm ikke over i annen beholder.

## 6. YTTERLIGERE INFORMASJON

**Sammensetning av Norvir**

- Virkestoff er ritonavir. Hver kapsel inneholder 100 mg ritonavir.
- Hjelpestoffer er alkohol, oljesyre, butylhydroksytoluen (E321) og polyoksyl-35-ricinusolje.
- Kapselskallet består av gelatin, "spesialsorbitol" (sorbitol, sorbitolanhydrider og mannitol), glyserol, titandioksid (hvit farge), medium chain triglyserider, lecitin og svart farge bestående av propylenglykol, svart jernoksid, polyvinylacetatftalat, polyetylenglykol 400 og ammoniumhydroksid.

**Hvordan Norvir ser ut og innholdet i pakningen**

Norvir myke kapsler er hvite med "⊐" og koden "DS100" printet på skallet med svart skrift.

To pakningsstørrelser med Norvir myke kapsler er tilgjengelige:

- 1 flaske med 84 kapsler (84 kapsler)
- 4 flasker med 84 kapsler (336 kapsler).

Ikke alle pakningsstørrelser vil nødvendigvis bli markedsført.

Norvir leveres også som mikstur, oppløsning, med 80 mg/ml ritonavir.

**Innehaver av markedsføringstillatelsen**

Abbott Laboratories Limited
Queenborough
Kent ME11 5EL
Storbritannia

**Tilvirker**

Aesica Queenborough Limited
Queenborough
Kent ME11 5EL
Storbritannia

Abbott Laboratories S.A.
Avenida de Burgos, 91
E-28050 Madrid
Spania

For ytterligere informasjon om dette legemidlet bes henvendelser rettet til den lokale representant for innehaveren av markedsføringstillatelsen:

**België/Belgique/Belgien:** Abbott SA Parc Scientifique Rue du Bosquet, 2 B-1348 Louvain-la-Neuve Tél/Tel: + 32 10 475311
**България:** Т.П. Абот Лабораторис С.А. Бизнес Парк София, сгр. 8С ет. 7 София 1766 Тел.: + 359 2 489 1950
**Česká republika:** Abbott Laboratories s. r. o. Hadovka Office Park Evropská 2590/33d CZ-160 00 Praha 6 Tel: + 420 267 292 111
**Danmark:** Abbott Laboratories A/S Smakkedalen 6 DK-2820 Gentofte Tlf: + 45 39 77-00-00
**Deutschland:** Abbott GmbH & Co. KG Max-Planck-Ring 2 D-65205 Wiesbaden Tel: + 49 (0) 6122 58-0
**Eesti:** Abbott Laboratories Baltics Vienības 87h LV-1004 Rīga Läti Tel: +371 67605580
**Ελλάδα:** Abbott Laboratories (ΕΛΛΑΣ) Α.Β.Ε.Ε. Λεωφόρος Βουλιαγμένης 512 GR 174 56 Άλιμος Αθήνα Τηλ: + 30 21 0 9985-222
**España:** Abbott Laboratories, S.A. Avenida de Burgos, 91 E-28050 Madrid Tel: + 34 9 1 337-5200
**France:** Abbott France 10, rue d'Arcueil BP 90233 F-94528 Rungis Cedex Tél: + 33 (0) 1 45 60 25 00
**Ireland:** Abbott Laboratories, Ireland, Ltd 4051 Kingswood Drive Citywest Business Campus IRL – Dublin 24, Tel: + 353 (0) 1 469-1500
**Ísland:** Vistor hf. Hörgatún 2 IS-210 Garðabær Sími: +354 535 7000
**Italia:** Abbott S.r.l. I-04010 Campoverde di Aprilia (Latina) Tel: + 39 06 928921
**Κύπρος:** Lifepharma (Z.A.M.) Ltd Αγ. Νικολάου 8 1055, Λευκωσία Τηλ.: +357 22 347440
**Latvija:** Abbott Laboratories Baltics Vienības 87h Rīga, LV-1004 Tel: + 371 67605580
**Lietuva:** Abbott Laboratories Baltics Vienības 87h Rīga, LV-1004 Latvija Tel: + 371 67605580
**Luxembourg/Luxemburg:** Abbott SA Parc Scientifique Rue du Bosquet, 2 B-1348 Louvain-la-Neuve Belgique/Belgien Tél/Tel: +32 10 475311
**Magyarország:** Abbott Laboratories (Magyarország) Kft. Teve u. 1/a-c. H-1139 Budapest Tel: +36 1 465 2100
**Malta:** V.J.Salomone Pharma Limited 79, Simpson Street, Marsa HMR 14, Malta. Tel: + 356 22983201
**Nederland:** Abbott B.V. Siriusdreef 51 NL-2132 WT Hoofddorp Tel: + 31 (0) 88 8222 688
**Norge**: Abbott Norge AS PO Box 1, N-1330 Fornebu Martin Linges vei 25, N-1367 Snarøya Tlf: +47 81 55 99 20
**Österreich:** Abbott Ges.m.b.H. Perfektastrasse 84A A-1230 Wien Tel: + 43 1 891-22
**Polska:** Abbott Laboratories Poland Sp. z o.o. Postępu 18A PL-02-676 Warszawa Tel.: + 48 22 606-10-50
**Portugal:** Abbott Laboratórios, Lda. Estrada de Alfragide, n° 67 Alfrapark, Edifício D, P-2610-008 Amadora Tel: + 351 (0) 21 472 7100
**România:** Abbott Laboratories S.A. Bucharest Business Park Şos. Bucureşti-Ploieşti 1A Corp B, etaj 3, sector 1 013681 Bucureşti Tel: +40 21 529 30 00
**Slovenija:** Abbott Laboratories d.o.o. Dolenjska cesta 242c SI-1000 Ljubljana Tel: + 386 (1) 23 631 60
**Slovenská republika:** Abbott Laboratories Slovakia s.r.o. Karadžičova 10 SK-821 08 Bratislava 2 Tel: + 421 (0) 2 4445 4176
**Suomi/Finland:** Abbott OY Pihatörmä 1B/Gårdsbrinken 1B FIN-02240 Espoo/Esbo Puh/Tel: + 358 (0) 9 7518 4120
**Sverige:** Abbott Scandinavia AB Box 509/Gårdsvägen 8 S-169 29 Solna/S-169 70 Solna Tel: + 46 (0) 8 5465 67 00
**United Kingdom:** Abbott Laboratories Ltd Abbott House Vanwall Business Park Maidenhead Berkshire SL6 4XE-UK Tel: + 44 (0) 1628 773355

**Dette pakningsvedlegget ble sist godkjent 06/2008**



# FYLGISEÐILL: UPPLÝSINGAR FYRIR NOTANDA LYFSINS

## Norvir 100 mg mjúk hylki
## ritonavir

**Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.**

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita ef vart verður aukaverkana sem ekki er minnst á í þessum fylgseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar.

**Í fylgiseðlinum:**


1. Hvað Norvir er og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Norvir
3. Hvernig nota á Norvir
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig á að geyma Norvir
6. Aðrar upplýsingar


## 1. HVAÐ NORVIR ER OG VIÐ HVERJU ÞAÐ ER NOTAÐ

Norvir inniheldur ritonavir sem er hemill proteasaensíms og er notað til að hafa hemil á HIVsýkingu. Norvir er ætlað til samhliða notkunar með öðrum lyfjum við HIV sýkingu (andretróveirulyf) til að hafa hemil á HIV sýkingunni. Læknirinn mun ræða við þig um hvaða samsetning þessara lyfja hentar Þér best.

Nota má Norvir í fullum skömmtum eitt og sér eða í lægri skömmtum með öðrum lyfjum til að auka áhrifin.

## 2. ÁÐUR EN BYRJAÐ ER AÐ NOTA NORVIR

Ef Norvir er notað samhliða öðrum andretróveirulyfjum er mikilvægt að lesa einnig vel fylgiseðilinn sem fylgir þeim lyfjum. Viðbótarupplýsingar geta verið í þeim fylgiseðlum um tilvik þar sem forðast á notkun Norvir.Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um Norvir (ritonavir) eða önnur lyf sem notuð eru.

**Ekki má nota Norvir**

- ef þú ert með ofnæmi fyrir ritonaviri eða einhverju öðru innihaldsefni Norvir (sjá kafla 6).
- ef þú ert með alvarlegan lifrarsjúkdóm.
- ef þú notar einnig eitthvert eftirtalinna lyfja:
  - Astemizol eða terfenadin (algeng ofnæmislyf - vera má að þessi lyf séu fáanleg án lyfseðils).
  - Amiodaron, bepridil, encainid, flecainid, propafenon eða kinidin (notuð við óreglulegum hjartslætti).
  - Dihydroergotamin eða ergotamin (notuð við mígrenihöfuðverk).
  - Ergonovin, metylergonovin (notuð til að stöðva miklar blæðingar sem geta fylgt fæðingu eða fósturláti/fóstureyðingu).
  - Clorazepat, diazepam, estazolam, flurazepam, triazolam og midazolam sem gefið er með inntöku (notuð við svefnleysi og/eða kvíða).
  - Clozapin eða pimozid (notuð við óeðlilegum hugsunum eða tilfinningum).
  - Meperidin, piroxicam eða propoxyphen (notuð við verkjum).
  - Cisaprid (notað til að slá á ákveðin magavandamál).
  - Rifabutin (notað fyrirbyggjandi eða til meðferðar við ákveðnum sýkingum)*.
  - Voriconazol (lyf við sveppasýkingum)*.
  - Simvastatin, lovastatin (notuð til að draga úr kólesteróli í blóði).
  - Alfuzosin (notað til meðhöndlunar á góðkynja stækkun á blöðruhálskirtli).
  - Fusidinsýra (notuð við bakteríusýkingum).
  - Rifampicin samhliða saquinaviri (notað þegar saman fara HIV- og berklasýking).
  - Sildenafil við getuleysi (ristruflunum) ef þú átt einnig við lungnasjúkdóm að stríða sem heitir lungnaháþrýstingur sem veldur erfiðleikum við öndun. Sjúklingar sem ekki hafa þennan sjúkdóm mega nota sildenafil undir eftirliti læknis (sjá kaflann **Notkun annarra lyfja**).
  - Lyf sem innihalda jóhannesarjurt (jónsmessurunna, St. John's wort, *Hypericum perforatum*) vegna þess að það getur valdið því að Norvir verki ekki sem skyldi. Jónsmessurunni er oft notaður í náttúrulyf sem þú getur keypt.

* Læknirinn getur ákveðið að þú takir rifabutin og/eða voriconazol með örvunarskammti (lágum skammti) af Norvir en ekki má taka fullan skammt af Norvir samhliða þessum tveimur lyfjum.

Ef eitthvert þessara lyfja er notað skal leita ráða hjá lækninum um möguleika á að skipta yfir í annað lyf á meðan Norvir er notað. Oft eru til önnur lyf sem unnt er að nota í staðinn.

**Lestu einnig lyfjalistann í „Notkun annarra lyfja" ef nota á ákveðin önnur lyf sem þarf sérstakrar varúðar við.**

**Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Norvir**

**Mikilvægar upplýsingar**

- Norvir læknar ekki HIV sýkingu eða alnæmi
- Sjúklingar sem taka Norvir geta eftir sem áður fengið sýkingar eða aðra kvilla tengda HIV sýkingu. Því er mikilvægt að þú sért undir eftirliti læknis meðan á töku Norvir stendur.
- Norvir minnkar ekki hættu á HIV smiti til annarra. Viðhafa skal viðeigandi varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir smit við kynmök (t.d. notkun verju) eða blóðblöndun (þú mátt ekki gefa blóð eða deila nálum).

**Látið lækninn vita ef eitthvert neðangreindra atriða á við um þig eða hefur áður átt við um þig.**

- Ef þú ert með sögu um **lifrarsjúkdóm**.
- Sjúklingar sem eru með **lifrarbólgu B eða C** og eru í samsettri meðferð með andretróveirulyfjum eru í aukinni hættu hvað varðar alvarlegar og hugsanlega lífshættulegar aukaverkanir á lifur. Þörf getur verið á reglulegum blóðrannsóknum til að fylgjast með lifrarstarfseminni.
- Ef þú ert með **dreyrasýki**. Greint hefur verið frá auknum blæðingum hjá sjúklingum með dreyrasýki sem nota proteasahemil. Ástæða þessa er ekki þekkt. Nauðsynlegt getur verið að gefa viðbótarskammt af storkuþætti VIII til að hafa hemil á blæðingunum.
- Ef þú ert með **sykursýki**. Greint hefur verið frá versnun eða myndun sykursýki hjá nokkrum sjúklingum sem nota proteasahemla.

**Látið lækninn vita ef þú finnur fyrir einhverjum eftirtalinna einkenna:**

- **Endurdreifing, uppsöfnun eða rýrnun líkamsfitu (**sjá 4. **Hugsanlegar aukaverkanir).**
- Viðvarandi **niðurgangur** eða viðvarandi **uppköst** vegna þess að slíkt getur dregið úr verkun lyfjanna sem þú ert að nota.
- **Ógleði, uppköst** eða **kviðverkir** því þetta geta verið einkenni brisbólgu Hjá sumum sjúklingum sem nota Norvir geta komið fram alvarleg vandamál tengd brisinu (brisbólga). Láta skal lækninn vita eins fljótt og hægt er eigi þetta við um þig.
- **Einkenni um sýkingu** - látið lækni vita strax. Hjá sumum sjúklingum með langt gengna HIV-sýkingu (alnæmi) geta einkenni vegna fyrri sýkinga jafnvel þó þeir viti ekki að þeir hafi haft sýkingu komið fram stuttu eftir að HIV meðferð er hafin. Talið er að þessi einkenni séu vegna bættrar ónæmissvörunar líkamans sem gerir honum kleift að vinna á þessum sýkingum.
- **Stífleiki, verkir eða sársauki í liðum** (einkum í mjöðm, hné og öxl) og erfiðleikar með hreyfingar. Ef þú færð eitthvað af þessum einkennum áttu að segja lækninum frá því vegna þess að þetta getur verið einkenni um beindrep. Sumir sjúklingar sem taka mörg andretróveirulyf geta fengið þennan sjúkdóm.
- **Vöðvaverkir, eymsli í vöðvum eða vöðvamáttleysi** sérstaklega þegar andretróveirumeðferð með próteasahemli og núkleósíðhliðstæðu er notuð. Í örfáum tilvikum eru vöðvakvillar þessir alvarlegir (sjá 4. **Hugsanlegar aukaverkanir**)
- Ef um önnur heilsufarsleg vandamál er að ræða skaltu ræða það við lækni.
- Ekki á að gefa börnum yngri en 2 ára Norvir.

**Notkun annarra lyfja**

Sum lyf má alls ekki nota samhliða Norvir. Þau eru talin upp hér framar í kafla 2, undir liðnum „Ekki má nota Norvir". Nokkur lyf má aðeins nota við sérstakar aðstæður eins og lýst er hér að neðan. Látið lækninn vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð, einnig þau sem fengin eru án lyfseðils.

Eftirfarandi varnaðarorð eiga við þegar notaður er fullur skammtur af Norvir. Þessi varnaðarorð geta einnig átt við þegar Norvir er notað til auka verkun annarra lyfja.

**Látið lækninn vita notir þú eitthvert lyfjanna í listanum hér fyrir neðan því gæta þarf sérstakrar varúðar.**

- **Sildenafil, tadalafil, vardenafil** eru lyf sem notuð eru við ristruflunum. Minnka á skammta þessara lyfja til að skaða ekki getnaðarlim. Ekki má taka norvir með sildenafil ef þú hefur lungnaháþrýsting (sjá 2 **Áður en byrjað er að nota Norvir**).
- **Digoxin** (hjartalyf). Læknirinn getur þurft að aðlaga skammta digoxins og á að hafa eftirlit með þeim sem nota digoxin og Norvir til að koma í veg fyrir vandamál frá hjarta.
- **Getnaðarvarnarlyf** sem innihalda ethinyl estradiol þar sem Norvir getur dregið úr verkun þessara lyfja. Mælt er með notkun verju eða annarra getnaðarvarna án hormóna í staðinn. Við notkun getnaðarvarnarlyfja af þessu tagi ásamt Norvir geta komið óreglulegar blæðingar.
- **Atorvastatin eða rosuvastatin** (kólesteróllækkandi lyf) því Norvir getur hækkað styrk þessara lyfja í blóði. Ræða skal við lækni áður en byrjað er að nota eitthvert kólesteróllækkandi lyf með Norvir (sjá einnig **Ekki má nota Norvir**).
- **Sterar** (t.d. dexametason, fluticason propionat, prednisólon) því Norvir getur hækkað styrk þessara lyfja í blóði sem getur valdið Cushing heilkenni (andlit verður kringluleitt) og minnkað framleiðslu hormónsins kortisól. Læknirinn gæti viljað minnka skammta eða fylgjast nánar með aukaverkunum hjá þér.
- **Trazodon** (lyf gegn þunglyndi) getur valdið aukaverkunum eins og ógleði, sundli, lágþrýstingi og yfirliði sé það notað samhliða Norvir.
- Rifampicin og saquinavir (lyf gegn berklum og HIV, talið í sömu röð) því alvarlegar lifraskemmdir geta orðið við samhliða notkun Norvir.

Nokkur lyf má ekki nota samhliða Norvir því áhrif þeirra geta þá aukist eða minnkað. Í einhverjum tilvikum getur verið að læknirinn þurfi að framkvæma ákveðnar prófanir, breyta skömmtum eða fylgjast reglulega með þér. Látið því lækninn vita ef önnur lyf eru notuð einnig þau sem fengin eru án lyfseðils, þar með talin náttúrulyf en sérstaklega mikilvægt er að láta vita ef þú notar eftirtalin lyf:

- Amfetamín og afleiður amfetamíns.
- Sýklalyf (t.d. erytromycin og claritromycin).
- Krabbameinslyf (t.d. vincristin, vinblastin).
- Þunglyndislyf (t.d. amitriptylin, desipramin, fluoxetin, imipramin, nortriptylin, paroxetin, sertralin, trazodon).
- Sveppalyf (t.d. ketoconazol og itraconazol).
- Andhistaminlyf (t.d. loratidin, fexofenadin).
- Önnur andretróveirulyf, þar með talið aðrir HIV próteasahemlar og bakritahemlar sem ekki eru núklósíð.
- Kvíðastillandi lyf, buspiron.
- Astmalyf, teofyllin.
- Atovaquon, lyf til meðhöndlunar á ákveðnum tegundum lungnabólgu og malaríu.
- Buprenorphin, verkjalyf við langvarandi verkjum.
- Bupropion, lyf til að hætta reykingum.
- Lyf við flogaveiki (t.d. carbamazepin, divalproex, lamotrigin, fenytoin).
- Hjartalyf (t.d. digoxin, disopyramid, mexiletin og kalsíumgangalokar eins og amlodipin, ditiazem og nifedipin).
- Lyf sem hafa áhrif á ónæmiskerfið (t.d. ciclosporin, tacrolimus, everolimus).
- Morfín og morfínlík lyf (t.d. metadón og fentanyl).
- Svefnlyf (t.d. alprazolam, zolpidem) og einnig midazolam sem gefið er með inndælingu.
- Sterk geðlyf (sefandi lyf) (t.d. haloperidol, risperidon og tioridazin).
- Warfarin, blóðþynningarlyf.

Sum lyf má alls ekki nota með Norvir. Þau eru talin upp framar í kafla 2, undir liðnum **„Ekki má taka Norvir"**.

**Ef Norvir er notað með mat eða drykk**

Helst á að taka Norvir með mat.

**Meðganga og brjóstagjöf**

**Ef þú telur að þú sért þunguð eða ef þú ráðgerir að verða þunguð er mjög mikilvægt að þú ræðir það við lækninn þinn.**

Mjög litlar upplýsingar liggja fyrir um notkun ritonavir (virka efnið í Norvir) á meðgöngu. Yfirleitt fengu konurnar ritonavir eftir fyrstu þrjá mánuði meðgöngu í litlum skömmtum til að hafa jákvæð áhrif á lyfjahvörf annarra proteasahemla. Norvir virtist ekki auka hlutfall fæðingargalla, samanborið við það sem almennt má gera ráð fyrir.

Ekki er vitað hvort Norvir berst í móðurmjólk. Til að fyrirbyggja smit er mælt með því að HIV sýktar konur hafi ekki barn á brjósti.

**Akstur og notkun véla**

Norvir getur valdið syfju og svima. Finnir þú fyrir því skaltu ekki aka bifreiða eða nota stórar vinnuvélar.

**Mikilvægar upplýsingar um tiltekin innihaldsefni Norvir**

Þetta lyf inniheldur lítið af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg í hverjum 600 mg hámarksskammti.

Norvir inniheldur pólýoxýl-35-ricinusolíu. Þetta getur valdið magaóþægindum og niðurgangi.

## 3. HVERNIG NOTA Á NORVIR

Jafnvel þótt þér líði betur má ekki hætta að nota Norvir nema í samráði við lækninn. Notkun Norvir í samræmi við ráðleggingar ætti að hafa í för með sér mestu möguleika til þess að seinka myndun ónæmis gegn lyfinu.

**Hvernig og hvenær nota á Norvir**

Notaðu lyfið alltaf eins og læknirinn hefur sagt til um. Ef þú ert ekki viss um hvernig á að nota lyfið leitaðu þá upplýsinga hjá lækninum eða lyfjafræðingi. Lyfið er til inntöku, venjulega tvisvar sinnum á sólarhring. Helst á að taka Norvir með mat.

Ráðlagðir skammtar af Norvir eru:

- Sé Norvir notað til að auka áhrif annarra lyfja gegn HIV sýkingu er hefðbundinn skammtur fyrir fullorðna 1 til 2 hylki einu sinni eða tvisvar sinnum á sólarhring. Nánari upplýsingar um ráðlagða skammta, þar með talið fyrir börn, er að finna í fylgiseðlum lyfja við HIV sýkingu sem Norvir er notað með.
- Ef læknirinn ávísar fullum skammti, kann að vera að í upphafi meðferðar sé skammturinn 3 hylki að morgni og 3 hylki 12 klst. síðar, sem síðan er smám saman aukið á allt að 14 dögum, í fullan skammt sem er 6 hylki tvisvar sinnum á sólarhring. Í upphafi er notaður minni skammtur handa börnum (2-12 ára) en hann síðan aukinn að þeim hámarksskammti sem við á miðað við líkamsþyngd.

Læknirinn mun ákvarða skammtastærð.

Eins og við á um öll lyf við HIV á að taka Norvir á hverjum degi til að hjálpa til við að hafa hemil á HIV sýkingunni og gildir þá einu þótt líðanin sé betri. Ef aukaverkun kemur í veg fyrir að Norvir sé notað í samræmi við fyrirmæli skal tafarlaust ræða það við lækninn. Vera má að læknirinn viðhafi aukið eftirlit þann tíma sem þú ert með niðurgang.

Gætið þess að hafa alltaf nægilega mikið af Norvir við höndina þannig að það þrjóti ekki. Á ferðalögum eða við dvöl á sjúkrahúsi skal hafa það mikið Norvir með sér að það endist þar til unnt er að endurnýja birgðirnar.

Jafnvel þótt þér líði betur má ekki hætta að nota Norvir nema í samráði við lækninn. Notkun Norvir í samræmi við ráðleggingar ætti að hafa í för með sér mestu möguleika til þess að seinka myndun ónæmis gegn lyfinu

**Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er tekinn**

Dofi eða náladofi getur komið ef of mikið Norvir er tekið. Ef það hendir að meira er notað af Norvir en til var ætlast, skal tafarlaust hafa samband við lækninn. Ef ekki næst í lækninn skal leita til sjúkrahúss.

**Ef gleymist að taka Norvir**

Ef gleymist að taka skammt skal taka þann skammt sem gleymdist svo fljótt sem auðið er. Ef komið er nálægt næsta skammti á aðeins að taka hann. Ekki má tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymdist að taka.

## 4. HUGSANLEGAR AUKAVERKANIR

Eins og við á um öll lyf getur Norvir valdið aukaverkunum, það gerist þó ekki hjá öllum. Aukaverkanir Norvir þegar það er notað ásamt öðrum andretróveirulyfjum eru háðar hinum lyfjunum. Því er mikilvægt að lesa kaflann um aukaverkanir í fylgiseðlum hinna lyfjanna.

**Mjög algengar aukaverkanir** (koma hjá fleiri en 1 af hverjum 10 sjúklingum):

- magaverkir
- uppköst
- niðurgangur
- ógleði
- höfuðverkur
- náladofi eða dofi í höndum, fótum eða umhverfis varir og munn
- máttleysi/þreyta
- óbragð í munni

**Algengar aukaverkanir** (koma hjá 1 til 10 af hverjum 100 sjúklingum):

- ofnæmi, þar með talið útbrot (geta verið rauð, upphleypt og þeim getur fylgt kláði), alvarlegar bólgur í húð og öðrum vef
- öndunarörðugleikar
- roði í húð
- breytingar á fitudreifingu (sjá kaflann **Aukaverkanir tengdar samsettri meðferð með andretróveirulyfjum** aftar)
- sundl
- svefnleysi
- kvíði
- syfja
- dofi
- óeðlilega mikið húðskyn
- brjóstsviði
- erting í hálsi
- aukinn hósti
- vindgangur
- lystarleysi
- munnþurrkur
- ropi
- sár í munni
- aukin svitamyndun
- vöðvaverkir
- hiti
- verkir
- þyngdartap
- rannsóknarstofupróf: breytingar á blóðprufum (eins og blóðefnum og blóðkornatalningu)

**Sjaldgæfar** (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 1.000 sjúklingum):

- ofþornun (þorsti)
- sykursýki
- gula (húðin eða augnhvítan verða gulleit)
- vöðvaverkir, eymsli í vöðvum eða vöðvamáttleysi
- lifrarbólga
- rannsóknarstofupróf: breytingar á blóðprufum (eins og blóðefnum og blóðkornatalningu)

**Mjög sjaldgæfar** (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 10.000 sjúklingum):

- Alvarleg eða lífshættuleg húðútbrot þar með talið blöðrur (Stevens-Johnson heilkenni
- alvarlegt ofnæmi (ofnæmislost)
- hár blóðsykur

Aðrar aukaverkanir sem tilkynntar hafa verið fyrir Norvir eru: fækkun á blóðflögum, nýrnabilun, krampar, yfirlið og yfirliðstilfinning þegar staðið er upp, óeðlilega miklar blæðingar. Tíðni þessara aukaverkana er ekki þekkt.

Látið lækninn vita ef þú ert með ógleði, uppköst eða magaverki vegna þess að þetta geta verið einkenni um brisbólgu. Látið lækninn einnig vita ef þú finnur fyrir stífleika, verkjum eða sársauka í liðum (einkum í mjöðm, hné og öxl) og erfiðleikum með hreyfingar því það getur verið einkenni um beindrep. Sjá einnig kafla 2 **Áður en byrjað er að nota Norvir**

**Aukaverkanir tengdar samsettri meðferð með andretróveirulyfjum** geta valdið breytingu á líkamslögun vegna breyttrar fitudreifingar. Þar á meðal getur verið minnkuð fita á fótleggjum, handleggjum og í andliti, aukin kviðfita (á maga) og aukin fita í öðrum innri líffærum, brjóstastækkun og fituhnúðar aftan á hálsi („buffalo hump"). Sem stendur eru orsakir þessara verkana og langtímaáhrif þeirra á heilsu ekki þekktar. Samsett meðferð með andretróveirulyfjum getur einnig valdið hækkun á mjólkursýru í blóði og blóðsykurshækkun, blóðfituhækkun (aukin fita í blóði) og insúlínþoli.

Hjá sjúklingum með dreyrasýki A og B hefur verið greint frá auknum blæðingum þegar þetta lyf eða aðrir proteasahemlar hafa verið notaðir. Gerist þetta skal tafarlaust leita til læknis.

Greint hefur verið frá tilvikum um sykursýki eða hækkaðan blóðsykur hjá sjúklingum sem nota Norvir eða aðra proteasahemla.

Greint hefur verið frá óeðlilegum niðurstöðum úr lifrarprófum, lifrarbólgu og mjög sjaldan frá gulu hjá sjúklingum sem nota Norvir. Sumir þeirra voru með aðra sjúkdóma eða notuðu önnur lyf. Hjá fólki sem er með lifrarsjúkdóm eða lifrarbólgu getur lifrarsjúkdómurinn versnað.

Greint hefur verið frá verkjum, eymslum eða máttleysi í vöðvum, einkum þegar blóðfitulækkandi lyf eru notuð samtímis meðferð með andretróveirulyfjum sem samanstendur af proteasahemlum og núkleósíða hliðstæðum. Örsjaldan hafa þessir vöðvakvillar verið alvarlegir (rákvöðvalýsa). Finnir þú fyrir óútskýranlegum eða stöðugum vöðvaverkjum, eymslum, máttleysi eða krömpum í vöðvum skaltu hætta að taka lyfið og tafarlaust hafa samband við lækninn. Ef ekki næst í lækninn skal leita til sjúkrahúss.

Norvir getur valdið öðrum aukaverkunum. Látið lækninn vita eins fljótt og hægt er ef fram koma einhver einkenni sem benda til ofnæmis eftir notkun Norvir, eins og útbrot, ofsakláði eða öndunarerfiðleikar.

Látið lækninn vita við fyrsta tækifæri ef vart verður við einkenni sem benda til ofnæmis eftir að taka inn Norvir eins og útbrot, ofsakláða eða öndunarörðugleika.

**Ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar eða ef vart verður við aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli, hafið þá samband við lækninn eða lyfjafræðing eða sjúkrahús ef áríðandi verður að fá læknihjálp tafarlaust.**

## 5. HVERNIG Á AÐ GEYMA NORVIR

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Hvorki skal nota Norvir eftir fyrningardagsetningu sem er á glasinu né ef glasið hefur verið geymt utan kælis í meira en 30 daga. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geyma á Norvir mjúk hylki í kæli (2°C-8°C) þar til þau eru afhent sjúklingi. Sjúklingurinn þarf ekki að geyma lyfið í kæli svo fremi að það sé notað innan 30 daga og geymt við lægra hitastig en 25°C.

Hvorki má geyma Norvir mjúk hylki í miklum hita né miklum kulda (til dæmis í bíl ef heitt eða mjög kalt er í veðri, eða í frysti).

Mikilvægt er að geyma Norvir í glasinu sem það kemur í frá framleiðandanum. Flytjið það ekki í neitt annað ílát.

## 6. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hvað inniheldur Norvir

- Virka efnið er ritonavir. Hvert hylki inniheldur 100 mg ritonavir.
- Önnur innihaldsefni eru etanól, olíusýra, bútýltengt hýdroxýtólúen (E321) og pólýoxýl-35-ricinusolía.
- Innihaldsefni sjálfs hylkisins eru: Matarlím, „sérstakt sorbitól" (sorbitól, anhýdríð sorbitóls og mannitól), glýserín, títantvíoxíð (hvítt litarefni), í meðallagi langar keðjur þríglýseríða, lesitín og svart merkiblek sem inniheldur: Própýlenglýkól, svart járnoxíð, pólývínýlasetatþalat, pólýetýlenglýkól 400 og ammoníumhýdroxíð.

**Útlit Norvir og pakkningastærð**

Norvir mjúk hylki eru hvít, auðkennd „⊐" og „DS100" með svartri áletrun á hylkisskelinni.

Norvir mjúk hylki eru fáanleg í tveimur pakkningastærðum:

- 1 glas með 84 hylkjum (84 hylki).
- 4 glös með 84 hylkjum (336 hylki).

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Hvert hylki inniheldur 100 mg af ritonaviri.

Norvir er einnig fáanlegt sem mixtúra sem inniheldur ritonavir 80 mg/ml.

**Markaðsleyfishafi**

Abbott Laboratories Limited
Queenborough
Kent ME11 5EL
Bretland

**Framleiðendur**

Aesica Queenborough Limited
Queenborough
Kent ME11 5EL
Bretland

Abbott Laboratories S.A.
Avenida de Burgos, 91
E-28050 Madrid
Spánn

Ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið, vinsamlegast hafið þá samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað.

**België/Belgique/Belgien:** Abbott SA Parc Scientifique Rue du Bosquet, 2 B-1348 Louvain-la-Neuve Tél/Tel: + 32 10 475311
**България:** Т.П. Абот Лабораторис С.А. Бизнес Парк София, сгр. 8С ет. 7 София 1766 Тел.: + 359 2 489 1950
**Česká republika:** Abbott Laboratories s. r. o. Hadovka Office Park Evropská 2590/33d CZ-160 00 Praha 6 Tel: + 420 267 292 111
**Danmark:** Abbott Laboratories A/S Smakkedalen 6 DK-2820 Gentofte Tlf: + 45 39 77-00-00
**Deutschland:** Abbott GmbH & Co. KG Max-Planck-Ring 2 D-65205 Wiesbaden Tel: + 49 (0) 6122 58-0
**Eesti:** Abbott Laboratories Baltics Vienības 87h LV-1004 Rīga Läti Tel: +371 67605580
**Ελλάδα:** Abbott Laboratories (ΕΛΛΑΣ) Α.Β.Ε.Ε. Λεωφόρος Βουλιαγμένης 512 GR 174 56 Άλιμος Αθήνα Τηλ: + 30 21 0 9985-222
**España:** Abbott Laboratories, S.A. Avenida de Burgos, 91 E-28050 Madrid Tel: + 34 9 1 337-5200
**France:** Abbott France 10, rue d'Arcueil BP 90233 F-94528 Rungis Cedex Tél: + 33 (0) 1 45 60 25 00
**Ireland:** Abbott Laboratories, Ireland, Ltd 4051 Kingswood Drive Citywest Business Campus IRL – Dublin 24, Tel: + 353 (0) 1 469-1500
**Ísland:** Vistor hf. Hörgatún 2 IS-210 Garðabær Sími: +354 535 7000
**Italia:** Abbott S.r.l. I-04010 Campoverde di Aprilia (Latina) Tel: + 39 06 928921
**Κύπρος:** Lifepharma (Z.A.M.) Ltd Αγ. Νικολάου 8 1055, Λευκωσία Τηλ.: +357 22 347440
**Latvija:** Abbott Laboratories Baltics Vienības 87h Rīga, LV-1004 Tel: + 371 67605580
**Lietuva:** Abbott Laboratories Baltics Vienības 87h Rīga, LV-1004 Latvija Tel: + 371 67605580
**Luxembourg/Luxemburg:** Abbott SA Parc Scientifique Rue du Bosquet, 2 B-1348 Louvain-la-Neuve Belgique/Belgien Tél/Tel: +32 10 475311
**Magyarország:** Abbott Laboratories (Magyarország) Kft. Teve u. 1/a-c. H-1139 Budapest Tel: +36 1 465 2100
**Malta:** V.J.Salomone Pharma Limited 79, Simpson Street, Marsa HMR 14, Malta. Tel: + 356 22983201
**Nederland:** Abbott B.V. Siriusdreef 51 NL-2132 WT Hoofddorp Tel: + 31 (0) 88 8222 688
**Norge**: Abbott Norge AS PO Box 1, N-1330 Fornebu Martin Linges vei 25, N-1367 Snarøya Tlf: +47 81 55 99 20
**Österreich:** Abbott Ges.m.b.H. Perfektastrasse 84A A-1230 Wien Tel: + 43 1 891-22
**Polska:** Abbott Laboratories Poland Sp. z o.o. Postępu 18A PL-02-676 Warszawa Tel.: + 48 22 606-10-50
**Portugal:** Abbott Laboratórios, Lda. Estrada de Alfragide, n° 67 Alfrapark, Edifício D, P-2610-008 Amadora Tel: + 351 (0) 21 472 7100
**România:** Abbott Laboratories S.A. Bucharest Business Park Şos. Bucureşti-Ploieşti 1A Corp B, etaj 3, sector 1 013681 Bucureşti Tel: +40 21 529 30 00
**Slovenija:** Abbott Laboratories d.o.o. Dolenjska cesta 242c SI-1000 Ljubljana Tel: + 386 (1) 23 631 60
**Slovenská republika:** Abbott Laboratories Slovakia s.r.o. Karadžičova 10 SK-821 08 Bratislava 2 Tel: + 421 (0) 2 4445 4176
**Suomi/Finland:** Abbott OY Pihatörmä 1B/Gårdsbrinken 1B FIN-02240 Espoo/Esbo Puh/Tel: + 358 (0) 9 7518 4120
**Sverige:** Abbott Scandinavia AB Box 509/Gårdsvägen 8 S-169 29 Solna/S-169 70 Solna Tel: + 46 (0) 8 5465 67 00
**United Kingdom:** Abbott Laboratories Ltd Abbott House Vanwall Business Park Maidenhead Berkshire SL6 4XE-UK Tel: + 44 (0) 1628 773355

**Þessi fylgiseðill var síðast samþykktur í 06/2008.**